



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 17.10.2014  
Tilvísun: 201410-0024

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána, nr. 35/2014 (frádráttarliðir), 240. mál.**

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta sem skv. markmiðum sínum er ætlað að stuðla að jafnari meðferð eðlislíkra tilvika og skýra framkvæmd. Samkvæmt umsögn skrifstofu opinberra fjármála mun frumvarpið ekki hafa áhrif á heildarútgjöld vegna skuldaleiðréttingarinnar. Æskilegt hefði verið að fyrir lægi hver áætluð fjárhæð nýrra frádráttarliða er og hver áhrif hækkunar þessar hafi á áætlaða skuldaleiðréttingu þeirra sem þessara lækkana nutu og raunar þess hóps sem áætlað er njóti lækkunar skv. lögum 35/2014.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
lögfræðingur ASÍ.